

skildi hana, þess óeðlilegri, ósamkvæmnari og meira fráhrindandi virtist mér hún allri mannlegri samngirni og viti.

Parker hneigðist nú mjög að frjálslyndi í öllum efnum, og kom það brátt í ljós, er hann kom í guðfræðisskólann. Árið 1834 byrjaði hann þar nám, og innritaðist í annan bekk. Sambekkingar hans voru nokkrir, er síðar hafa orðið stórfraegir, svo sem Samuel P. Andrews, John S. Wright og Geo. E. Ellis, sagnaritarinn. Kennarar hans voru þeir Palfrey, And. Norton og Dr. Ware,— miklir fræðimenn og frumherjar hinnar „hærri kritikar“ í amerísku skólunum.

Efasemdir ótal risu þegar strax í huga hans um gildi ýmissa skoðan, er þá voru í heiðri hafðar, líkt og „óskeikulleik kyrkjuféðranna“ o. sv. frv.

Í bréfi til vinar síns segir hann meðal annars um Jerome:— „hann unni álti sínu miklu meir en sannleikanum, og hefir verið í hæsta máta hjátrúarfullur“. Um Ágústinus segir hann:— „hann var orsök í fleiri villum meinlegum og öfgafullum innan kyrkjunnar en nokkur annar maður. Sumar kenningar hans ganga beint móti öllu viti og ærlegheitum. Eg er þreyttur í hug og hjarta á þessum endalausu langlokum þeirra. Og stærsta sönnunin um myrkur miðaldanna er átrúnaður sá og tilbeiðsla, er þessum lokleysingum var sýnd.“

Voríð 1836 útskrifaðist hann frá prestaskólanum með bezta vitnisburði, og valdi hann sér þá fyrir umræðuefni í burtfararræðu þeirri, er hann hélt, „sögu Gnostíkanna“ — vantrúarflokks innan kyrkjunnar á fyrstu oldum kristninnar.

Ár hans í Cambridge voru annrásistímar. Hann lagði fyrir sig tungumál auk þeirra námsgreina, er hann var skyldaður til að taka. Áður en þangað kom hafði hann komist allvel niður í þýzku, og grísku og latínu kunni hann þá. En nú las hann hebreisku, kaldeisku, arabisku og sýrlenzku. Auk þess lagði hann sig eftir Norðurlandamálunum og íslenzku. Og átti hann nokkrar íslenzkar bækur, er síðar hafa orðið eign almennu bókahlöðunnar í Boston.

Þá samsumars byrjaði hann að þýða hið fyrsta ritverk, er út kom eftir hann. Það var ein af þeim allra fyrstu „hærri kri-